

AUGLÝSING

112

14. ágúst

um skömmtun á benzíni.

1. gr.

Samkvæmt reglugerð um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða, dags. 18. febrúar 1943, skal benzínskammtur bifreiða vera sem hér segir á tímabilinu 1. september til 31. desember 1944:

A. Fólksbifreiðir:

1. Strætisvagnar í Reykjavík og Hafnarfirði	8200	lítrar
2. Almenningsbifreiðir, hálfkassabifreiðir og mjólkurflutninga- bifreiðir	4100	—
3. Leigubifreiðir þær, sem uppfylla ákveðin skilyrði	2500	—
4. Einkabifreiðir:		
a. Læknabifreiðir	800	—
b. Almenn stærð, 5—6 manna	400	—
c. Smábifreiðir, 15 hestafla og minni	300	—
d. Bifhjól	60	—

B. Vörubifreiðir:

1. Vörubifreiðir, 2 tonn og stærri	2900	—
2. — 1½ tonn	2100	—
3. — ¾ til 1¼ tonn	1400	—
4. — smábifreiðir	700	—

2. gr.

Lögreglustjórar afhenda benzínskömmtunarhefti til annarra nota en bifreiðaksturs, samkvæmt reglum, sem áður hafa verið settar.

3. gr.

Benzínkömmtunarmiðar frá fyrri skömmtunartímabilum falla úr gildi 1. september þ. á.

4. gr.

Ráðuneytið leyfir fyrst um sinn, að í Reykjavík sé ein bifreiðastöð opin til mannflutninga að næturlagi. Þó leyfist að allar bifreiðastöðvar séu opnar á laugar-
dögum til kl. 1 eftir miðnætti aðfaranótt sunnudags.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. ágúst 1944.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.